



Aðalfundur Upplýsingar 21. maí 2015.

Fundargerð aðalfundur Upplýsingar, félags um bókasafns-og upplýsingafræði sem haldin var fimmtudaginn 21. maí nk. í Menningarhúsinu í Gerðubergi kl. 17:00..

Formaður Upplýsingar, Sigríður Júlía Sighvatsdóttir setur fundinn og kynnir fundarstjóra, Halldór Valdimarsson.

Á dagskrá aðalfundar var:

- a) Skýrsla stjórnar.
SJS fer yfir stærstu þætti starfseminnar og kynnir helstu atriði ársskýrslunnar; Vakin var athygli á fækkun félagsmanna, stjórnin var kynnt ásamt varamönnum og jafnframt auglýst var eftir nýjum aðilum í nefndir. Farið var yfir stöðu húsnæðismála, uppsögn húsnæðis og gögnin sem eru í geymslu á Fiskislóð. Þá voru taldir upp helstu viðburðir, svo sem Morgunkornin, Landsfundur, jólagleði og fræðsluferð sem haldin voru á vegum Upplýsingar á liðnu ári.
- b) Skýrslur hópa og nefnda.
Þá voru taldar upp breytingar á setu nefndarmanna og vakin athygli á því að hugmyndir voru uppi um að leggja tvær nefndir niður. Óskar, vefstjóri vefsíðu Upplýsingar, gaf skýrslu um vefinn, ásamt Facebook síðuna og Youtube rásarina. Upptökur eru til af Morgunkorni og fleiri viðburðum.
- c) Reikningar félagsins.
Farið var yfir helstu þætti í reikningum Upplýsingar en rekstrarhagnaður var 93.109 þús. Viðsnúningurinn frá því á síðasta ári var útskýrður en hann felst helst í því að dýrir kostnaðarliðir þess árs voru ekki lengur fyrir hendi. Halli síðasta árs var jafnaður út með tekjum af landsfundi sem að haldin var á haustmánuðum á Akureyri.
- d) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.
Liggur ekki fyrir að svo stöddu en verður ákveðin á næsta stjórnarfundum.
- e) Árgjald.
Árgjald mun haldast óbreytt.
- f) Lagabreytingar.
Ákveðið hafði verið að lagabreytingar myndu bíða næsta árs.
- g) Kosning stjórnar og varamanna, sbr. 5 gr.
Auglýst var eftir framboðum til stjórnar. Nýr stjórnarmaður er Kristjana Mjöll J. Hjörvar.

- h) Kosning skoðunarmanna reikninga.
Engin gaf kost á sér til skoðunar reikninga og bíður það síðari tíma afgreiðslu.
- i) Kosning í fastanefndir til tveggja ára í senn.
Engin gaf kost á sér í Fræðslu- og skemmtinefnd, Fagnefnd eða Uppstillingarnefnd.
Gunnhildur Björnsdóttir og Sveinn Ólafsson gefa kost á sér til setu í útgáfunefnd og var það samþykkt.
- j) Önnur mál.
Ekki var vakið máls undir liðnum önnur mál.

Aðalfundi slitið kl. 17.40 og gengu menn þá til veitinga.